

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

**Sjálfsmatsskýrsla
fyrir skólaárið
2006-2007**

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Lýsing á starfsemi skólans	4
Hlutverk	4
Umfang	4
Nemendur	4
Starfsfólk	4
Húsnæði	4
Kennsla	5
Fjármál	6
Sérstaða Kvennaskólans	6
Sjálfsmat	8
Kannanir	8
Kennslukönnun meðal allra nemenda skólans vorið 2007	8
Könnun á starfsumhverfi kennara	11
Könnun meðal nemenda málabrautar	12
Könnun nemenda í UPP 303	12
Starfsmannaviðtöl	13
Greining tölulegra gagna	13
Innritun nýnema	13
Námsframvinda – brottfall	14
Skólasókn nemenda	15
Mat menntamálaráðuneytis á matsaðferðum Kvennaskólans	16
Árangur í umbótum skólaárið 2006-2007	17
Framtíðarsýn	17
Endurskoðun námsbrauta og námsframboðs	17
Endurskoðun á matsaðferðum	18
Umbótaáætlun	18
Lokaorð	18

Inngangur

Sjálfsmati í Kvennaskólanum er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans.

Sjálfsmat skólaársins 2006-2007 er byggt á:

1. könnun, meðal nemenda, á gæðum kennslu í einstökum áföngum
2. könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sem unnin var af ParX fyrir fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands
3. starfsmannaviðtölum
4. könnun sem lögð var fyrir nemendur tungumálabrautar til að kanna hug þeirra til brautarinnar og áhuga á breytingum á henni
5. könnunum sem nemendur í áfanganum uppeldisfræði 303 sömdu og lögðu fyrir nemendur skólans á vorönn 2007, en þær vörðuðu m.a. framtíðaráform stúdentsefna varðandi náms- og starfsval, viðhorf nýnema til busavíglu og viðhorf nemenda til fíkniefnaneyslu.
6. greiningu á ýmsum gögnum úr upplýsingakerfi skólans (Innu), úr bókhaldskerfinu (ORACLE), úr umsóknum um skólann og frá Námsmatsstofnun
7. mat menntamálaráðuneytis á matsaðferðum skólans

Könnun á gæðum kennslunnar (1) var lögð fyrir alla nemendur í apríl 2007. Matshópur kennara við skólann vann þessa könnun, endurskoðaði spurningar úr eldri könnunum og samdi nýjar spurningar.

Lýsing á starfsemi skólans

Hlutverk

Kvennaskólinn í Reykjavík er menntaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið er hlutverk Kvennaskólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum bekkjakerfis.

Umfang

Nemendur

Haustið 2006 hófu 576 nemendur nám við skólann, þar af 158 nýnemar í 1. bekk. Vorið 2007 fóru 560 nemendur í vorpróf og 144 stúdentar voru útskrifaðir. Veturinn 2006-07 er skipting nemenda á brautir þannig, að 32% nemenda eru á félagsfræðabraut, 15% á málabraut og 53% á náttúrufræðibraut. Tæp 30% nemenda eru piltar, ríflega 70% stúlkur. 74% nemenda eiga lögheimili í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi og 94% á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Starfsfólk

Við skólann starfar 41 kennari, skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, faktor (sem er umsjónarmaður kennslu í Uppsölum), skrifstofustjóri, 2 fulltrúar á skrifstofu, 2 bókasafnsfræðingar, húsvörður, ræstingarstjóri, matráður og aðstoðarmaður í mötuneyti. Úr hópi kennara eru 3 brautarstjórar, 13 fagstjórar og nokkrir verkefnisstjórar. Tveir námsráðgjafar starfa við skólann og sinna þeir einnig kennslu. Um 30% kennara eru karlar en 70% konur. Allir kennarar skólans hafa kennsluréttindi og tæpur helmingur þeirra er með aðra eða þriðju háskólagráðu (MA/MS eða Dr).

Húsnæði

Skólahúsnæði Kvennaskólans er tvískipt og er annars vegar við Fríkirkjuveg 9 og hins vegar við Þingholtsstræti 37. Nokkur vegalengd er milli húsanna. Heildarstærð

húsnæðisins er 2.580 m². Í skólanum eru 20 kennslustofur, bókasafn, skrifstofur og matsalur nemenda. Ein af kennslustofunum er tölvustofa en þrjár stofur eru það litlar að þær rúma ekki bekk af venjulegri stærð (25 nem.). Skólinn er afar þétt setinn og aðeins eru um 4,7 m² á hvern nemanda. Í skólanum er þráðlaust tölvunet og auk tölvustofunnar sem áður er getið eru til ráðstöfunar í kennslu um 30 fartölvur. Einnig er borðtölva til afnota fyrir kennara í hverri kennslustofu auk skjávarpa. 10 nettengdar borðtölvur eru á göngum skólans til afnota fyrir nemendur. Á bókasafni skólans eru vinnuborð og lesstofa fyrir nemendur. Í matsal geta um 130 nemendur setið til borðs.

Kennsla

Kvennaskólinn starfar samkvæmt bekkjakerfi og skólaárið 2006-2007 skiptust nemendur skólans í 24 bekki eins og taflan hér að neðan sýnir:

Ár	Félagsfræðabraut fjöldi bekkja	Málabraut fjöldi bekkja	Náttúrufræðibraut fjöldi bekkja
1	2	1	3
2	1	1	3
3	2	1	3
4	2	1	4

Á fyrstu þremur námsárunum fer kennsla nemendanna einkum fram sem bekkjakennsla, þ.e. bekkurinn er allur með sömu stundatöflu, nema í valgreinum. Á fjórða námsárinu brotnar þetta upp, þannig að um það bil helmingur kennslustunda bekkjarins er sameiginlegur en helmingur háður kjörsviðsvali og frjálsum vali hvers nemanda.

Eftir 2. bekk hafa nemendur hverrar námsbrautar val milli tveggja lína. Á félagsfræðabraut má velja milli línu sem leggur áherslu á sögu og félagsfræði og línu sem leggur áherslu á sálar- og uppeldisfræði. Á náttúrufræðibraut velja nemendur milli línu sem leggur áherslu á stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði annars vegar og hins vegar línu sem leggur áherslu á líffræði, jarðfræði og efnafræði. Val nemenda á línu innan brautar ræðst af því hvaða áherslur þeir vilja leggja í kjörsviðsvali sínu. Veturinn 06-07 voru nánast jafn margir nemendur á hvorri línu félagsfræðabrautar en á náttúrufræðibraut valdi um þriðjungur nemenda línuna sem leggur áherslu á eðlis-

efna- og stærðfræði en tveir þriðju völdu línuna sem leggur áherslu á jarð- líf- og efnafræði. Um leið og nemandi velur línu, þá bindur hann 18 einingar af kjörsviðsvali sínu. Þeim 12 einingum sem þá er óráðstafað af kjörsviðsvalinu getur nemandi ráðstafað að eigin vild, óháð braut og vali bekkjarfélaganna.

Fjármál

Fjárlög fyrir árið 2006 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið áður. Framlög á fjárlögum til skólans námu samtals 272,9 m. kr. að frádregnum áætluðum ríkistekjum. Skólinn fékk viðbótarfjárveitingar að fjárhæð 13,7 m. kr. vegna nemendauppgjörs, námsleyfa, forfalla, sérkennslu og sjálfsmats framhaldsskóla. Í heild urðu fjárheimildir (greiðsluheimildir) ársins því 286,3 m. kr. Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 286,6 m. kr. og voru þar með rétt yfir fjárheimildum ársins.

Heildarrekstrarkostnaður hækkaði um rúm 14%. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 10,5 % en eignakaup hækkuðu um 42% milli ára vegna kaupa á húsgögnum í mötuneyti nemenda. Önnur rekstrargjöld hækkuðu um rúm 13%.

Með aðhaldi tókst að bæta rekstrarafkomu skólans árin 2004 og 2005 en árið 2006 var reksturinn alveg í járnum. Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði var þó enn jákvæð um tæpar 10 m. kr í lok ársins 2006.

Sérstaða Kvennaskólans

Kvennaskólinn er menntaskóli sem býður upp á hefðbundið fjögurra ára bóknám til stúdentsprófs. Brautirnar eru þrjár, félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Skólinn byggir á bekkjakerfi en við aukið val nemenda með tilkomu nýrrar aðalnámskrár frá 1999 blandast bekkir meira en áður var tvö síðustu árin. Því má segja að skólinn leitist við að sameina kosti bekkja- og áfangakerfis. Áhersla er lögð á að námið sé samfellt, markvisst og hæfilega sérhæft.

Hlutverk framhaldsskóla landsins er margþætt. Þeir skulu m.a. stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar (sbr. lög nr. 80/1996). Þessi lagaákvæði sem og slagorð skólans, **menntun – þekking**

– **Þroski**, hafa starfsmenn Kvennaskólans í Reykjavík að leiðarljósi í öllu starfi sínu, jafnt í kennslustundum sem í öðrum þáttum starfseminnar. Þannig er stuðlað að því að skila nemendum vel undirbúnum út í lífið.

Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og undirbúa þá sem best undir frekara nám. Í því augnamiði leggur Kvennaskólinn í Reykjavík sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

- Að allir nemendur verði handgengnir tölvunotkun við nám sitt og nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin veitir.
- Að nemendur og kennarar noti Laupinn, innra net skólans, til samskipta vegna námsins. Þar er hægt að nálgast verkefni námsáætlanir, gagnvirk próf o.m.fl.
- Að þjálfa nemendur í fræðilegum vinnubrögðum m.a. með því að bjóða alltaf upp á valáfanga í stúdentsprófsritgerð þar sem gerðar eru kröfur um verkefnavinnu á háskólastigi.
- Að veita nemendum innsýn í menningarleg verðmæti m.a. með árlegri leikhúsfærð allra nemenda skólans, ferðum á Njálu- og Egluslóðir, heimsóknum í Þjóðmenningarhús, ýmsum öðrum safnaheimsóknum og þátttöku í söngsal svo fátt eitt sé nefnt. Einnig leggja margir nemendur sitt af mörkum með þátttöku í kór skólans, leikfélaginu Fúríu, listafélagi skólans, söngkeppni og fleiru slíku.
- Mörgum nemendum stendur til boða að taka þátt í erlendu samstarfi sem felst í ferðum til annarra landa, að taka á móti erlendum nemendum og vinna að sameiginlegum verkefnum.
- Til þess að kennarar séu sem best búnir undir kennsluna eru þeir hvattir til endur- og símenntunar og hefur það m.a. skilað sér í því að margir kennarar skólans hafa verið virkir í námsefnisgerð undanfarin ár.
- Síðast en ekki síst leggur skólinn áherslu á góð samskipti milli nemenda og starfsfólks og má segja að gott andrúmsloft sé eitt helsta einkenni skólans. Það er mikils virði að skila frá sér nemendum sem eru hæfir í mannlegum samskiptum.

Sjálfsmat

Sjálfsmat skólaársins 2006-2007 er byggt á ýmsum gögnum sem skólinn hefur aðgang að eða hefur aflað sér sjálfur t.d. í ýmsum könnunum. Helstu heimildir og gögn sem notuð eru í skýrslunni eru:

- kennslukönnun nemenda, apríl 2007
- könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, unnin af ParX fyrir fjármála-ráðuneytið og Stofnun stjórnisýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands
- starfsmannaviðtöl
- ýmsar kannanir sem nemendur í áfanganum uppeldisfræði 303 sömdu og lögðu fyrir nemendur skólans á vorönn 2007. Umsjónarmaður var Hildigunnur Gunnarsdóttir. Kannanirnar vörðuðu m.a. framtíðaráform stúdentsefna varðandi náms- og starfsval, viðhorf nýnema til busavíglu og viðhorf nemenda til fíkniefnaneyslu
- ýmis gögn sem unnin eru úr Innu, úr umsóknum um skólann og gögn frá Námsmatsstofnun

Kannanir

Kennslukönnun meðal allra nemenda skólans vorið 2007

Matsteymi skólans hannaði nýja rafræna kennslukönnun fyrir Kvennaskólann þar sem fram komu jákvæðar fullyrðingar um kennsluhætti kennara í einstökum greinum. Einnig þurftu nemendur að svara fullyrðingum um sig sjálfa sem námsmenn. Svarmöguleikar voru á fimm kvarða skala: veit ekki/á ekki við (gildi=0), mjög ósammála (gildi=1), frekar ósammála (gildi=2), frekar sammála (gildi=3) og mjög sammála (gildi=4). Því nær sem svargildið var tölunni 4 því ánægðari eða jákvæðari voru nemendur. Auk þess gátu nemendur tjáð sig í opinni spurningu um það sem þeir töldu sérstaklega jákvætt eða sem betur mætti fara. Nemendur í öllum árgöngum skólans svörðu kennslukönnuninni á skólatíma og brottfallið var einungis þeir sem ekki voru viðstaddir þegar könnunin var lögð fyrir.

Niðurstöður:

1. Í heildina eru nemendur mjög ánægðir með þekkingu kennara skólans á námsefninu (3,7). Í 2., 3. og 4. bekk var gildið 3,7 en í 1. bekk 3,5.
2. Kennarar mæta vel í kennslustundir að mati nemenda (3,6). Í 2., 3. og 4. bekk var gildið 3,6 og í 1. bekk 3,4.
3. Nemendur telja kennara almennt skipulagða og að þeir komi undirbúnir í kennslustundir (3,4). Hæsta gildið er í 2. og 4. bekk 3,5 og lægst í 1. bekk 3,3.
4. Kennarar standa sig vel í jákvæðni og hvatningu að mati nemenda (3,3).
5. Aðeins virðist vanta á það hvernig kennurum tekst að vekja áhuga nemenda á námsefninu (2,9). Í 1. bekk var gildið lægst 2,7 og hæst í 4. bekk 3,0.
6. Hins vegar eru kennarar áhugasamir um að nemendur taki framförum (bæti árangur sinn) (3,2). Í 1., 2. og 3. bekk er gildið 3,2 og í 4. bekk 3,3.
7. Viðleitni kennara til að hafa fjölbreytni í kennsluháttum (kennsluaðferðir, verkefni, vettvangsferðir o. fl.) gefa nemendur meðalgildið 2,9. Í 1. bekk var gildið lægst 2,8 og hæst í 4. bekk 3,0.
8. Grunnnámsgögn í áföngunum meta nemendur í viðunandi (3,0), þó er gildið lægst í 4. bekk (2,9).
9. Nemendur telja viðbótarnámsefni kennara gott (3,2) og þar er gildið hæst hjá 4. bekk 3,3.
10. Nemendur telja Laupinn (innranet skólans) ekki nýttast nógu vel í námi og kennslu (2,8). Hæsta gildið var hjá 4. bekk 3,1; 2,8 hjá 3. bekk; 2,6 hjá 2. bekk og 2,7 hjá 1. bekk.

11. Nemendur telja sjálfa sig sýna áhuga og eftirtekt í náminu (3,2). Lægsta gildið er hjá nemendum í 2. bekk (3,0).
12. Nemendur segjast mæta vel og stundvíslega í kennslustundir (3,5). Hæsta gildið (3,7) er hjá 1. bekk og lægsta gildið hjá 3. bekk (3,2).
13. Mat nemenda á heimanámi sínu er frekar lágt (2,9). Fyrsti og fjórði bekkur hafa gildin 3,0, 2. bekkur 2,8 og 3. bekkur 2,7.
14. Nemendur leita til kennara ef þeir skilja ekki námsefnið (3,2). Fjórði bekkur hefur þar hæsta gildið 3,2 og annar bekkur lægst 3,0.
15. Nemendur telja sig taka virkan þátt í hópvinnu til jafns við aðra. Meðalgildið er 3,5 og 4. bekkur hefur hæsta gildið 3,6.
16. Nemendur segjast almennt nýta upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (3,2). Þar er átt við kennsluáætlanir, ítarefni og ýmis fyrirmæli með verkefnum og prófspurningum. Fjórði bekkur hefur hér hæsta gildið 3,4 og þriðji bekkur lægsta 3,1..
17. Nemendur telja sig almennt vinna að því að reyna ná betri tókum á námsefninu (3,3). Lægsta gildið er þó hjá 3. bekk 3,1.
18. Mat nemenda á hvort þeir skili verkefnum á réttum tíma er jákvætt (3,5). Lægst er gildið hjá 3. bekk 3,4.

Samantekt

Yfir heildina er mat nemenda frekar jákvætt, þótt fjórði bekkur sé örlítið jákvæðari en hinir og er það í samræmi við fyrri kennslukannanir. Nemendur þriðja bekkjar skera sig aðeins úr og eru ekki eins jákvæðir og hinir, þótt munurinn sé ekki mikill og það eru niðurstöður sem áður hafa komið fram. Áhugi nemenda á námsefninu, fjölbreytni í kennsluháttum notkun á innraneti skólans og heimanám nemenda eru þættir sem mætti skoða betur og reyna að bæta.

Könnun á starfsumhverfi kennara

Starfsfólk Kvennaskólans tók haustið 2006 þátt í könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna á vegum Háskóla Íslands og fjármálaráðuneytisins sem framkvæmd var af ParX viðskiptaráðgjöf IBM. Í könnuninn var spurt ýmissa spurninga sem mæla áttu starfsánægju, starfsanda, hollustu, starfsaðstöðu, möguleika á starfsþróun, upplýsingamiðlun og samskipti, þjónustu og ímynd skólans, viðhorf til næsta yfirmanns og til stjórnunar skólans, streitu og álag í starfi og starfshvata.

Þættirnir starfsandi, starfsánægja og hollusta komu mjög vel út í könnuninni og voru starfsmenn skólans ánægðari með þessa þætti en starfsmenn framhalds- og háskóla almennt og ríkisstarfsmenn almennt. Mæling á starfsanda kom sérstaklega vel út því 98% ánægja mældist með þann þátt. Hollusta starfsmanna skólans mældist einnig mikil, 95%. Aðrir þættir sem starfsmenn skólans voru mjög ánægðir með og ánægðari en ríkisstarfsmenn almennt voru þjónusta og ímynd skólans, upplýsingamiðlun og samskipti, starfshvatar og stjórnun skólans.

Ekki var alveg jafn mikil ánægja með þáttinn streita og álag sem mældist eins hér og hjá öðrum ríkisstofnunum, þ.e. ánægjan með þann þátt gaf 3,54 stig af 5 mögulegum.

Minnst ánægja mældist með starfsaðstöðu og möguleika á starfsþróun, en starfsmenn Kvennaskólans voru óánægðari með þessa þætti en meðaltal allra ríkisstarfsmanna. Óánægja starfsmanna með starfsaðstöðu er án efa tengd húsnaði skólans sem er alls ekki viðunandi. Þrengsli eru mikil og starfsaðstaða kennara því af skorum skammti. Engin laus herbergi eru fyrir kennara til að funda eða vinna saman og engin aðstaða til að eiga viðtöl við nemendur. Allar kennslustofur eru fullnýttar allan daginn auk þess sem þær eru sumar mjög litlar, en þetta gerir kennurum erfitt fyrir ef þeir vilja á einhvern hátt breyta út af venju í kennsluháttum. Hvað varðar óánægju starfsmanna með möguleika á starfsþróun, þá gæti ástæðan að einhverju leyti tengst því að í framhaldsskólum er ekki mikið um millistjórnendur og möguleikar á stöðuhækkunum því litlir. Starfsmenn Kvennaskólans telja möguleika sína á starfsþróun minni en kennarar framhaldsskóla almennt. Það gæti tengst því að skólinn er frekar lítill og einfaldur, fáar brautir og eingöngu bóknám, en það veldur því að stöður í millistjórnun eru færri en ella.

Eitt af því sem kom fram hjá ríkisstofnunum almennt í starfsumhverfis-könnuninni, var að einelti meðal starfsmanna mældist talsvert og virðist vera meira en

á almennum vinnumarkaði. Þetta vekur spurningar um hvort ekki þurfi að leggja áherslu á varnir gegn einelti, t.d. með gerð áætlunar um hvernig megi koma í veg fyrir einelti og hvernig eigi að bregðast við ef eineltis verður vart.

Könnun meðal nemenda málabrautar

Nemendur málabrautar tóku þátt í könnun þar sem skoðaður var áhugi þeirra á nokkrum þemum eða efnisflokkum sem gætu orðið leiðandi á vallinum málabrautar. Flokkarnir sem nemendur höfðu um að velja voru tungumál, þýðingar, málsaga, táknmál, forn fræði, menning og listir, ferðamál, viðskipti, erlend samskipti og alþjóðamál, fjölmiðlar, margmiðlun og óbreytt námsframboð.

Flestir nemendanna völdu flokkinn menning og listir. Margir merktu einnig við flokkana tungumál og ferðamál. Minnstur áhugi var á valmöguleikanum óbreytt námsframboð, en enginn nemandi merkti við þann valkost.

Könnun nemenda í UPP 303

Nemendur í áfanganum UPP 303 vinna nokkrir saman í hópum að könnunarverkefnum er tengjast uppeldis- og skólastarfi. Á vorönn 2007 völdu nokkrir nemendur að kanna ýmis atriði er vörðuðu Kvennaskólann. Ein könnunin tengdist framtíðaráformun stúdentsefna varðandi náms- og starfsval. Um 41% nemenda stefndu á nám við Háskóla Íslands og 19% í háskólanám við aðra háskóla á Íslandi, 13% ætluðu í nám erlendis og 27% voru óákveðnir. Tæp 80% nemenda töldu áhuga skipta mestu máli í tengslum við námsvalið. Rúm 60% nemenda á félagsfræðabraut höfðu hugað að framhaldsnámi áður en þeir völdu brautina, um 56% nemenda á náttúrufræðibraut og um 40% nemenda á tungumálabraut. Annar hópur kannaði viðhorf nýnema til busavíglu og tengsl við sjálfsmynd. Niðurstöður sýndu að nýnemarnir töldu sig almennt hafa jákvæða sjálfsmynd og höfðu jafnframt jákvæð viðhorf til busavíglunnar. Um 80% þeirra mættu við busavígluna og hlökkuðu jafnframt til, 16% mættu en sögðust hafa verið dálítið stressuð. Um 91 % nemanna töldu busavígluna haustið 2006 ekki hafa farið yfir strikið. Könnun á viðhorfum

nemenda í Kvennaskólanum til fíkniefna og neyslu þeirra leiddi í ljós að rúmlega 88% nemenda í 1. bekk höfðu aldrei prófað fíkniefni og tæp 62% nemenda í 4. bekk. Tæplega 76% nemenda í 1. bekk telja að maður eigi aldrei að prófa fíkniefni og tæp 68% í 4. bekk.

Starfsmannaviðtöl

Allir starfsmenn skólans voru boðaðir í starfsmannaviðtal á tímabilinu mars-júní 2007. Þeir máttu velja sjálfir hvort þeir færu í viðtal til skólameistara eða aðstoðarskólameistara.

Fyrir viðtalið fengu starfsmennirnir blað með umræðupunktum sem æskilegt væri að ræða í viðtalinu og máttu einnig stinga sjálfir upp á fleiru sem þeir vildu ræða. Rætt var um starfsánægju, samskipti, sterkar og veikar hliðar starfsmanns og möguleika á starfsþróun. Einnig voru ræddir ýmsir þættir varðandi skólann svo sem framtíðarsýn, samstarf og starfsandi og upplýsingaflæði.

Í nokkrum viðtalanna komu fram óskir um að haldið yrði skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk skólans, þar sem langt væri síðan slíkt námskeið hefði síðast verið haldið. Við því var brugðist og tvö skyndihjálparnámskeið haldin sem voru vel sótt.

Greining tölulegra gagna

Skoðuð voru ýmis töluleg gögn, svo sem tölur varðandi aðsókn nýnema, skólasókn allra nemenda og árangur þeirra á prófum.

Innritun nýnema

Aðsókn að skólanum var mikil og vorið 2006 var einungis hægt að veita 57% umsækjenda skólavist. Teknir voru inn 156 nemendur. Líkt og undanfarin ár áttu umsækjendur það sameiginlegt að hafa staðið sig vel á grunnskólaprófi og í töflunni hér á eftir má sjá meðaleinkunnir nýnema á samræmdum grunnskólaprófum í stærðfræði, íslensku og ensku.

	Nýnemar vor 06	Lands- meðaltal vor 06	Nýnemar vor 05	Lands- meðaltal vor 05	Nýnemar vor 04	Lands- meðaltal vor 04
Stærðfræði	7,5	5,5	8,0	6,1	7,5	5,8
Íslenska	7,7	6,5	8,0	6,6	7,7	6,8
Enska	7,9	6,7	8,3	7,2	8,2	7,0

Eins og sjá má á þessum tölum eru einkunnir nýnema vorið 2006 nokkuð lægri en þær voru 2005. Ef þær eru hins vegar bornar saman við landsmeðaltalið sést að bæði vorin, 2005 og 2006, eru einkunnir nýnema á Kvennaskólans í stærðfræði, ensku og íslensku á samræmdum prófum að meðaltali 1,5 hærri en landsmeðaltalið. Einkunnir nýnema virðast því vera alveg sambærilegar vorið 2006 og 2005 þó fleiri nemendur hafi verið teknir inn í skólann 2006 (155) en 2005 (133). Vorið 2004 voru einkunnir nýnema 1,3 hærri að meðaltali en landsmeðaltalið en þá voru 166 nemendur teknir inn í skólann.

Námsframvinda – brottfall

Af þeim 576 nemendum sem hófu nám við skólann haustið 2006 hurfu 20 frá námi einhvern tíma vetrarins. Þar af fóru 4 sem skiptinemar um áramót og 3 tóku hlé á námi vegna veikinda. 13 nemendur hættu í skólanum og má flokka þá sem brottfall. Þar af voru 4 nýnemar. Þetta svarar til 2,3% brottfalls í heild.

Í sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs var brottfall af málabraut miðað við brottfall í heild skoðað sérstaklega. Þar segir:


Við skoðun á brottfallstölum síðustu fjögurra ára kemur í ljós að fleiri nemendur hætta á málabraut en öðrum brautum. Haustið 2003 hófu 23 nemendur nám í 1. bekk málabrautar, IT. Af þeim hafa 6 hætt í skólanum og einn hefur skipt um braut. Þetta svarar til 30% brottfalls af brautinni á fjórum árum sem er 7,5% á ári. Veturinn 2004-2005 hófu 28 nemendur nám á málabraut, af þeim hafa 10 hætt í skólanum eða 36% en það svarar til 9% brottfalls á ári. Þetta eru mun hærri tölur en meðalbrottfallstölur skólans í heild.

Af þeim 13 nemendum sem hættu í skólanum veturinn 2006-2007 voru 5 af málabraut (allir í 2T). Nemendur á brautinni voru samtals 87 svo þetta svarar til 5,7% brottfalls. Brottfall af hinum brautunum tveimur er ekki nema um 1,6%.

Vorið 2007 útskrifuðust 144 stúdentar frá skólanum og þar af voru 4 nemendur sem höfðu lokið náminu í desember 2006.

Skólasókn nemenda


Grafið hér að neðan sýnir skólasókn nemenda að teknu tilliti til veikindavottorða.



Þegar grafið er skoðað sést að hjá 68% nemenda er skólasóknin yfir 90%.

27% nemenda hafa skólasókn á milli 80 og 90% en hjá 5% nemenda er skólasóknin 80% eða lægri. Allar þessar tölur eiga við skólasókn að teknu tilliti til veikindavottorða.

Áhugavert er að skoða tengsl skólasóknar nemenda og þess í hvaða árgangi þeir eru og sýnir grafið hér að neðan það sambandi.



Hér má sjá að skólasókn nýnema er nokkuð betri en þeirra sem eldri eru.

Ef skólasókn nemenda er skoðuð eftir því á hvaða námsbraut þeir eru kemur í ljós að lítil munur er á skólasókn eftir brautum. Meðalskólasókn nemenda á félagsfræðabraut er 91% en á málabraut og náttúrufræðibraut er hún 93%.

Allar þær tölur um skólasókn nemenda sem rætt hefur verið um hér að ofan tengjast vottorðaskólasókn, þ.e. skólasókn þar sem tekið hefur verið tillit til veikindavottorða. Raunskólasókn nemenda er einnig skráð og þeir sem ná því að sýna raunskólasókn 96% eða hærrí fá eina einingu yfir veturinn fyrir það. Skólaárið 2006-2007 fengu 84 nemendur einingu fyrir skólasókn eða 15% nemenda skólans.

Mat menntamálaráðuneytis á matsaðferðum Kvennaskólans

Vorið 2007 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum 10 framhaldsskóla og var Kvennaskólinn þeirra á meðal. Úttektin var í höndum Unnars Hermannssonar, Ásrúnar Matthíasdóttur og Þrastar Ólafssonar. Niðurstaða úttektarinnar var sú að Kvennaskólinn í Reykjavík uppfyllti bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats og í greinargerð úttektaraðila segir að staða sjálfsmats við skólann sé til fyrirmyndar.

Árangur í umbótum skólaárið 2006-2007

Í síðustu matsskýrslu voru upp taldar eftirfarandi umbætur sem stefna skildi að í næstu framtíð framtíð:

- endurnýja skyldi húsgögn í mötuneyti nemenda
- gera þyrfti ítarlegri viðhorfskönnun á þjónustu bókasafns og mötuneytis til að komast að því hvað þarf helst að bæta.
- auka skyldi vægi forvarna
 - í lífsleiknikennslu
 - með ráðningu forvarnarfulltrúa
- vinna þyrfti að endurskoðun málabrautarinnar og leita leiða til að gera hana eftirsóknarverðari fyrir nemendur en hún nú er

Á skólaárinu 2006-2007 var unnið að öllum þessum þáttum:

1. Keypt voru ný húsgögn, borð og stólar, í mötuneyti nemenda.
2. Matshópur kennara vann við að útbúa könnun um þjónustu bókasafns og mötuneytis sem leggja mætti fyrir nemendur. Sú vinna hófst ekki fyrir en í júní 2007 svo ekki var unnt að leggja könnunina fyrir á þessu skólaári. Hún verður tilbúin og lögð fyrir nemendur á haustönn 2007.
3. Ráðinn var forvarnarfulltrúi og á sameiginlegum fundi skólastjórnenda og lífsleiknikennara var samþykkt að leggja þyrfti meiri áherslu á forvarnir í lífsleiknikennslunni.
4. Hópur kennara vann að hugmyndum um breytta skipan málabrautar. Lögð var könnun fyrir nemendur á brautinni til að kanna viðhorf þeirra til ýmissa breytingatillagna. Könnunin leiddi í ljós að nemendur vildu að áhersla yrði lögð á menningu og einnig á dýpkun í tungumálanámi. Áhersla á ferðamál átti einnig töluverðan hljómgrunn meðal nemenda málabrautar.

Framtíðarsýn

Endurskoðun námsbrauta og námsframboðs: Vinnu við breytingu á uppbyggingu málabrautar verður haldið áfram. Líklegt er að þær breytingar sem

gerðar kunna að vera á brautinni verði tengdar heildarendurskoðun allra námsbrauta og námsframboðs sem óhjákvæmilega leiðir af væntanlegum breytingum á lögum um grunnskóla og framhaldsskóla.

Endurskoðun á matsaðferðum: Töluverð vinna hefur verið lögð í endurbætur á kennslukönnun þeirri sem lögð er fyrir nemendur árlega til að meta gæði kennslunnar. Stefnt er að frekari endurskoðun á matsaðferðum, svo sem þróun stjórnendakönnunar til að meta störf stjórnenda og þróun víðtækari aðferða til að meta störf kennara, svo sem stjórnendamats og sjálfsmats kennara.

Umbótaáætlun

Á grundvelli niðurstaðna sjálfsmatsins er stefnt að eftirfarandi umbótum í næstu framtíð, einkum á næsta skólaári.

- Skoða þarf hvernig innra net skólans, Laupurinn, nýtist í skólastarfinu.
- Leggja þarf fyrir viðhorfskönnun á þjónustu bókasafns og mötuneytis til að komast að því hvað þarf helst að bæta.
- Halda þarf áfram vinnu við endurskoðun málabrautar og tengja hana heildarendurskoðun á námsframboði og uppbyggingu námsbrauta sem tengist nýju frumvarpi til laga um framhaldsskóla.
- Gera þarf áætlun um viðbrögð við einelti.

Lokaorð

Til að sjálfsmat skili tilætluðum árangri er mikilvægt að niðurstöður þess séu skoðaðar vel og umbótaáætlun gerð á grundvelli þeirra.

Viðhorfskönnun meðal nemenda skólans vorið 2006, leiddi í ljós að yfir 60% nemenda eru frekar eða mjög ósáttir við mötuneytisaðstöðu sína hér í skólanum og um fjórðungur nemenda segist ósáttur við þjónustu bókasafns. Vorið 2007 vann matshópur kennara að gerð kannana um þjónustu bókasafns og mötuneytis. Stefnt er að því að leggja þær kannanir fyrir alla nemendur skólans á skólaárinu 2007-2008 og gera í framhaldi af því áætlun um umbætur ef þeirra reynist þörf.

Í könnun á gæðum kennslunnar, sem lögð var fyrir vorið 2007, kom fram að nemendum þykir Laupurinn, sem er innra tölvunet skólans, ekki nýtast vel í námi og kennslu. Spurningin sem varðaði þennan þátt í könnuninni var mjög opin því er nauðsynlegt að skoða þennan þátt nánar til að hægt sé að gera bragabót á. Mun það gert á næsta skólaári.

Sjálfsmat er nauðsynlegur þáttur í skólastarfi. Við vinnslu þess er vakin athygli á því sem vel er gert og er það hvatning til þess að viðhalda þeim þáttum. Einnig kemur fram það sem betur má fara og leiðir þar með til umbóta. Ákveðnir þættir matsins eru þegar orðnir fastir í sessi í Kvennaskólanum. Stefnt er að áframhaldandi vinnu við þróun sjálfsmatsins innan skólans og þeirra aðferða sem nýttar eru til þess.

Skýrsluna unnu:

Hildigunnur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri

Ingibjörg Guðmundsdóttir skólameistari

Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari